



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 6. tölublað. Júní 2008.

## EFNI:

	Bls.
Kampýló-bactersýkingar á Austurlandi	1
Salmonella á höfuðborgarsvæðinu	1
Rannsókn á einstaklingum með hettusótt 2005–2006	2
Ónæmi gegn bólusetninga-sjúkdómum hjá erlendum börnum	2

## Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

## Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## KAMPÝLÓBAKTERSÝKINGAR Á AUSTURLANDI


Fyrstu fimm mánuði ársins bárust samtals 30 tilkynningar frá sýklafræðideild Landspítala til sóttvarnalæknis um kampýló-bactersýkingar í mönnum. Þar af smituðust ellefu einstaklingar á Íslandi, átta á Spáni, tveir í Dóminíkanska lýðveldinu og á Ítalíu og einn í Marokkó og Alsír en upplýsingar um smitland vantar fyrir fimm einstaklinga.

Flestir, eða 16 manns, voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, fjórir á Norðurlandi, fjórir einstaklingar komu frá ýmsum landshlutum en nokkuð óvænt greindust sex einstaklingar með búsetu á Reyðarfirði í maímánuði (sjá mynd). Sýkingarnar á Reyðar-

firði voru ekki tengdar ferðalögum heldur smituðust einstaklingarnir á staðnum.

Upptök smitsins eru ókunn þrátt fyrir ítarlega rannsókn í samvinnu við heilbrigðis-eftirlit Austurlands og lækna á Austurlandi. Svo virðist sem faraldurinn á Reyðarfirði sé genginn yfir.

Reglubundnar árstíðabundnar sveiflur í fjölda sýkinga af völdum kampýló-bacters eru vel þekktar með auknum fjölda tilfella á sumrin. Gott hreinlæti og rétt meðhöndlun matvæla er mikilvæg til að koma í veg fyrir sýkingar í mönnum.



Heimild: Sýklafræðideild Landspítala

## SALMONELLA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Í byrjun júní greindust fjórir einstaklingar með innlenda sýkingu af völdum *Salmonella poona* eða *farmsen* og eru allir fjórir tengdir sambýli aldraðra á höfuðborgarsvæðinu, tveir starfsmenn og tveir heimilismenn. Sýkingar af völdum þessarar salmonellu-tegundar er fremur sjaldgæf og ekki hefur komið upp innlent smit af hennar völdum áður hérlendis.

Í viðvörunarkerfi á vegum Sóttvarnastofnunar Evrópu í Stokkhólmi kom í ljós að sýkingar af völdum *S. poona* hafa greinst í

fleiri löndum Evrópu í apríl og maí, samantlagt milli 30–40 tilfelli. Ekki er með fullu vitað hvort þetta er sami stofn í öllum löndunum, en unnið er við stofnagreiningu til að bera stofnana saman. Svo virðist sem tilfellum fari nú fækkandi og sýkingin því á undanhaldi.

Sóttvarnastofnanir þeirra landa þar sem sýkingin hefur greinst taka þátt í sameiginlegri vinnu við úrlausn faraldursins í samvinnu við Sóttvarnastofnun Evrópu sem kemur að samræmingu aðgerða.

*Sex einstaklingar  
búsettir á  
Reyðarfirði  
greindust með  
kampýlóbakter-  
sýkingu  
í maímánuði.*

## RANNSÓKN Á EINSTAKLINGUM SEM GREINDUST MEÐ HETTUSÓTT 2005–2006

Eins og greint hefur verið frá í Farsóttafréttum (*Farsóttafréttir* 3. og 7.–8. tbl. 2006) greindust 113 einstaklingar hér á landi með hettusótt á árunum 2005–2006.

Berglind S. Kristjánsdóttir læknanemi birti nýlega niðurstöðu rannsóknar sinnar (3. árs verkefni læknanema við Háskóla Íslands) á einkennum sýkingarinnar og fyrri MMR bólusetningu hjá þessum einstaklingum.

Helstu niðurstöður eru þær að hettusótt getur verið varasamur sjúkdómur þar sem um 16% karla fékk bólgu í eistu sem valdið getur ófrjósemi, 6% taldi sig hafa skerta heyrn, 40% fékk slæman höfuðverk sem gat bent til heilahimnubólgu og vinnutap var að meðaltali 11 dagar.

Um 27% einstaklinganna hefði átt að hafa fengið a.m.k. eina MMR-bólusetningu miðað við aldur en ekki var hægt að fá nákvæma staðfestingu á fyrri bólusetningu þeirra. Niðurstöðurnar sýna einnig að með tilkomu MMR-bólusetningarinnar 1989 hefur hettusótt nánast horfið hér á landi.

Mikilvægt er að halda áfram uppi góðri og almenntri þátttöku í bólusetningum hér á landi svo koma megi í veg fyrir faraldra af völdum hættulegra smitsjúkdóma.

*Mörg þeirra  
barna sem flytjast  
til landsins  
reynast vera  
illa bólusett  
á íslenskan  
mælikvarða.*

## RANNSÓKN Á ÓNÆMI GEGN BÓLUSETNINGA- SJÚKDÓMUM HJÁ ERLENDUM BÖRNUM

Í allmörg ár hafa erlend börn sem flytjast til Íslands verið rannsökuð á göngudeild smitsjúkdóma á Barnaspítala Hringins.

Erna Sigmundsdóttir læknanemi birti nýlega niðurstöðu rannsóknar sinnar (3. árs verkefni læknanema við Háskóla Íslands) á mælingu mótefna gegn nokkrum bólusetningasjúkdómum hjá börnum á aldrinum 2–14 ára sem fluttust til Íslands á árunum 2005–2008. Í ljós kemur að skil á bólusetningapappírnum barnanna var slök og mörg þeirra eru illa bólusett á íslenskan mælikvarða. Mörg voru næm gegn hettusótt, mislingum og rauðum hundum en öll mældust með verndandi mótefni gegn stífkrampa.

Niðurstaða rannsóknarinnar sýnir að til að koma í veg fyrir að hér á landi brjóttist út bólusetningasjúkdómar er nauðsynlegt að fylgjast vel með fyrri bólusetningum hjá börnum sem flytjast til Íslands og bjóða þeim sem illa eru bólusett bólusetningu samkvæmt áður [útgefnum leiðbeiningum](#).



Nauðsynlegt er að fylgjast vel með fyrri bólusetningum hjá börnum sem flytjast til Íslands.